



## Hugarleikfimi, hreyfing og rautt vín lengir lífið




## Kennitalan skiptir ekki máli



## Mest um vert að stöðug- leiki ríki

# Formaður lítur yfir sjóðasvið



„Afkoma lífeyrissjóðanna hefur verið góð undanfarin fimm ár og best að jafnaði í fyrra þegar hlutabréf hækkuðu mikið snemma árs. Hátt gengi hlutabréfa hélst raunar út árið. Teikn eru á lofti um að afkoman verði eitt-hvað lakari á árinu 2016 og að markaðurinn leiti nýs jafnvægis eftir uppsveiflu í fyrra. Kemur í ljós hvað síðari helmingur ársins ber í skauti sér. Auðvitað er það ekki eðlilegt ástand að hlutabréf hækki bara og hækki.

Mestu máli skiptir fyrir lífeyrissjóði að verðbólga verði áfram lág og efnahagslegur stöðugleiki ríki, enda eru skuldbindingar þeirra verðtryggðar og mikil verðbólga leikur þá grátt,“ segir Þorbjörn Guðmundsson, formaður stjórnar Landssamtaka lífeyrissjóða og jafnframt formaður Sameinaða lífeyrissjóðsins.

Fjárfestingarþörf lífeyrissjóða er gríðarmikil og stjórnvöld hafa opnað þeim glufu í girðingu gjaldeyrishafta til fjárfestinga erlendis.

„Ég tel víst að lífeyrissjóðir fái rýmri fjárfestingarheimildir erlendis, enda algjörlega nauðsynlegt, en er ekki sannfærður um að höftin hverfi með öllu á næstunni. Erlend fjárfesting lífeyrissjóða er í sjálfu sér ekki ávisun á betri afkomu, því efnahagsástandið er erfitt víða í heiminum og fjármálamarkaðir bera þess merki. Erlend fjárfesting er fyrst og fremst brýn til þess að fjárfesta líka eignir sjóðanna utan íslenska hagkerfisins og dreifa þannig áhættu.“

## Útfærsla 3,5% viðbótariðgjaldsins

Eitt helsta viðfangsefni forystusveitar aðila vinnu- markaðarins nú um stundir er að útfæra hvernig farið verður með viðbótarframlag launagreiðenda í lífeyrissjóði, alls 3,5% í þrepum frá 1. júlí 2016 til 1. júlí 2018.

Iðgjöld í lífeyrissjóði hækka þannig úr 12% í 15,5% af heildarlaunum. Meiningin er sú að viðbótin, 3,5%, sem er liður í kjarasamningi Alþýðusambands Íslands og fleiri og Samtaka atvinnulífsins frá janúar 2016, bætist annað hvort við samtryggingarhluta sjóðfélaga eða verði séreignarsparnaður viðkomandi að einhverju eða öllu leyti og erfanlegur sem slíkur.

Þetta verður valfrjálst. Fyrir liggur að hver og einn sjóðfélagi taki upplýsta ákvörðun um ráðstöfun þessa 3,5% viðbótariðgjalds og geri skriflegan samning við lífeyrissjóð sinn þar að lútandi. Ástæðan er sú að örorkutryggingin í kerfinu er reiknuð út frá grunni samtryggingarinnar.

Sá sjóðfélagi sem semur um að öll viðbótin, 3,5%, fari í séreignarsparnað nýtur áfram örorkutryggingaverndar sem miðast við 12% iðgjald.

Sá sem velur hins vegar að setja alla viðbótina í samtryggingarhlutann nýtur örorkutryggingaverndar sem miðast við 15,5% iðgjald.

## Óvissa ríkir um hvort löggjafinn ljúki sínum hluta málsins á vorþingi og hvað gerist þá? Frestast málið í eitt ár?

Lífeyrissjóður innheimtir með öðrum orðum 15,5% en sjóðfélaginn ráðstafar sjálfur 3,5% með skriflegum samningi við sjóðinn.

- ▶ Stóra myndin er sú að með hækkun iðgjalds í lífeyrissjóð er gert ráð fyrir að fólk nái því eftir 40 ára inngreiðslu í sjóðinn sinn að fá eftirlaun sem svara til þriggja fjórðu hluta af meðaltekjum þess á starfsævinni. Þá er að sjálfsögðu miðað við að þetta hlutfall launa sé greitt í lífeyrissjóð í 40 ár.

### Setur pólitísk óvissa á Alþingi strik í reikninginn?

Forystumenn lífeyrissjóðakerfisins mæðast í mörgu samtímis eins og alltaf er og alltaf verður. Eitt stórt mál í sniðum er að kerfið verður að bregðast við því að við lifum sífellt lengur, eldri borgurum fjölga hlutfallslega en vinnandi fólki fækka þegar horft er fram á veginn. Í loftinu liggur að eftirlaunaaldur verði 69 ár eftir 12 ár en er 67 ár nú (sjá nánar grein á bls. 5).

Þorbjörn Guðmundsson hefur um árabíl tekið þátt í nefndarstörfum og umræðum um skipulag lífeyrissjóðakerfisins og tengd efni, bæði sem fulltrúi Alþýðusambandsins og sem stjórnarmaður í Landssamtökum lífeyrissjóða.

„Upphaflega var miðað við að lenda þessu þannig að um næstu áramót yrði metin tryggingafræðileg staða lífeyris-

sjóða 2016 og það yrði í síðasta sinn sem tryggingastærðfræðingar litu um öxl í matinu. Eftir það horfðu þeir fram fyrir sig og reiknuðu með áframhaldandi lengingu lífaldurs þjóðarinnar í mati á tryggingafræðilegri stöðu sjóðanna á hverjum tíma.

Mótvægisáðgerðir, sem hafa verið til umræðu, koma ekki til framkvæmda nema lögum verði breytt. Við litum svo á að Alþingi myndi afgreiða málið núna á vorþingi 2016 og að lífeyrissjóðirnir boðuðu svo til aukaársfunda í haust til að breyta samþykktum sínum. Eftir pólitískar sviptingar í vetur blasir nú við að kosið verði til Alþingis seint í haust og það breytir auðvitað ýmsu og hefur áhrif á margt. Óvissa ríkir um hvort löggjafinn ljúki sínum hluta málsins á vorþingi og hvað gerist þá? Frestast málið í eitt ár?

Þetta tengist líka lífeyrissjóðamálum á opinbera vinnu- markaðinum og yfirlýsingum um að stefnt skuli að sjálfbærni, samræmdu lífeyriskerfi fyrir allan vinnu- markaðinn, samanber SALEK-samkomulagið. Þarna þarf líka að koma til kasta Alþingis. Mér sýnist ríkja býsna viðtæk samstaða um sjálfa framtíðarsýnina. Menntu hins vegar ekki sam- mála um hvaða leið skuli feta að markmiðinu, hvernig „varpa“ skuli gamla lífeyrissjóðakerfinu inn í það nýja.

Um þetta snýst vinnan í dag en ég er viss um að menn finna viðunandi niðurstöðu því heildarhagsmunirnir eru svo miklir þegar til lengri tíma er litið.“ ■



Þéttsetinn fundarsalur á Grandhótelu 26. apríl 2016 á málþingi um áskoranir vinnu- markaðarins vegna hækkandi lífaldurs. Um dagskrárefnið er fjallað ítarlega hér í Vefflugunni.

# Við eldumst – hvernig bregst vinnumarkaðurinn við?

Hagsmunasamtök á vinnumarkaði og Landssamtök lífeyrissjóða efndu til málþings um hækkandi lífaldur og áskoranir vinnumarkaðarins á Grandhótelu 26. apríl 2016. Þar var fjölmennt og góður rómur gerður að málflutningi fyrirlesara, þátttakenda í pallborðsumræðum og annarra sem lögðu orð í belg.

## Ríkið er í raun stærsti lífeyrisþeginn!

„Hlutfall útgjalda vegna lífeyriskerfisins, almannatrygginga og þjónustu við eldri borgara á Íslandi er mjög lágt í alþjóðlegum samanburði, sem hlutfall af landsframleiðslu. Lífeyrissjóðir borga meira og meira en ríkið sker niður á móti sín megin og er í þeim skilningi stærsti lífeyrisþegi sjóðanna! Ekki virðist vera nein breyting í sjónmáli á þessu skerðingarfyrirkomulagi,“ sagði Stefán Ólafsson, prófessor í Háskóla Íslands, í erindi um stöðu eldri borgara á vinnumarkaði á málþinginu um áskoranir vinnumarkaðarins vegna hækkandi lífaldurs.

Hann benti á að það hefði bæði kosti og galla að hækka eftirlaunaaldur á Íslandi. Slíkt hentaði sumum en öðrum ekki. Afkoma lífeyrissjóða myndi vissulega batna, vinnuafli nýttist betur og starfsferill þeirra lengdist sem gætu og vildu vera lengur á vinnumarkaði. Hins vegar rýrnuðu réttindi allra með hækkun eftirlaunaaldurs og það kæmi sérstaklega illa við erfiðisvinnufólk og þá sem væru útslitnir og útbunnir í starfi og vildu hætta. Þá kæmi breytingin illa við fólk sem væri með raunverulega skerta starfsgetu og legði um leið meiri byrðar á örorkulífeyriskerfið.

### „Norska leiðin“ eftirsóknarverð

„Mér hugnast best leið sveigjanlegra starfsloka og vildi helst hafa eftirlaunaaldurinn óbreyttan en gera kerfið þannig að hvetjandi sé að seinka því að fara á eftirlaun. Í Noregi skerðast atvinnutekjur ekki um eina einustu krónu eftir að náð er 67 ára aldri. Í raun má eftirlaunafólk stunda fulla vinnu þar frá 62ja ára aldri en með skertum lífeyri ef það fer á lífeyri fyrir 67 ára aldurinn. Þetta er því leið frelsis og vals en ekki þvingunar.

Norska leiðin færir eldra fólki raunverulegan ávinning af því að vinna lengur og Íslendingum þykir slíkt eftirsóknarvert. Í könnun frá 2011 lýstu 86% svarenda sig fylgjandi því að réttur til eftirlauna yrði rýmkaður. Menn gætu verið samtímis í hlutastörfum og á eftirlaunum að hluta á síðasta skeiði starfsævinnar og farið þannig í skrefum af vinnumarkaði, allt eftir hentugleikum og tækifærum. Tveir af þremur svarenda voru andvígir hækkun eftirlaunaaldurs.“

### Íslendingar sér á báti


Stefán varpaði ljósi á þá staðreynd að Íslendingar vinna nú þegar lengur en „aðrar vestrænar hagsældarþjóðir“ og fara mjög seint á ævinni á eftirlaun, fjórum árum síðar en meðaltal OECD-þjóða og fjórum til sex árum síðar en aðrar norrænar þjóðir.

Íslendingar eru líka langhæstir á lista yfir virka þátttakendur á vinnumarkaði á aldrinum 60-69 ára en með langlægsta hlutfall þjóða sem fá einhvern lífeyri á aldrinum 50-69 ára. Það hlutfall var 21,3% árið 2012 en á sama tíma var meðaltalið í Evrópusambandinu 41,5%.

„Ekkert bendir til þess að dragi úr vinnuvilja og vinnugetu Íslendinga á seinni árum. Í raun hvetur lífeyriskerfið til þess að menn fari seint á eftirlaun og aftrar því að menn fari á eftirlaun áður en komið er að venjulegum lífeyrisaldri. Þannig eru beinir hvatar í kerfinu til að umbuna fólki fyrir að seinka því að fara á eftirlaun. Til dæmis aukast réttindi í opinbera lífeyriskerfinu um 6% á hverju ári sem menn seinka töku eftirlauna en skerðingarreglur almannatrygginga eyðileggja reyndar áhrifin af því á móti, að einhverju leyti að minnsta kosti.

Því er rík ástæða nú til að auka verulega hvata til seinkunar lífeyristöku fyrir þá sem geta og vilja, til dæmis með norsku leiðinni. Þannig má ná því markmiði að spara útgjöld lífeyriskerfisins og auka nýtingu vinnuafslins, án þess að hækka eftirlaunaaldurinn.“ ■

Rík ástæða er til þess að auka verulega hvata til seinkunar lífeyristöku fyrir þá sem geta og vilja, til dæmis með norsku leiðinni.



Pórey S. Þórðardóttir, framkvæmdastjóri Landssamtaka lífeyrissjóða, Friðþjófur Helgason, kvikmyndatökumaður Hringbrautar, dr. Henning Kirk og Helgi Pétursson, þáttagerðarmaður á Hringbraut og liðsforingi Gráa hersins.

# Hærri eftirlaunaaldur og meiri sveigjanleiki

„Eftirlaunaaldur verði hækkaður um tvö ár í ákveðnum skrefum á næstu tólf árum, úr 67 í 69 ár. Það er í stórum dráttum niðurstaða mikillar vinnu og umræðna í lífeyrissjóðakerfinu til að bregðast við breyttu fyrirkomulagi tryggingastærðfræðinga við mat á dánar- og lífslíkum Íslendinga,“ segir Pórey S. Þórðardóttir, framkvæmdastjóri Landssamtaka lífeyrissjóða.

Tryggingastærðfræðingar hafa hingað til reiknað lífslíkur út frá rauntölum í fortíð en ætla nú að horfa fram fyrir sig og reikna út frá spám um að meðalævin haldi áfram að lengjast. Þetta eykur skuldbindingar lífeyrissjóða verulega eða um 10-15% í heildina, mismikið eftir sjóðum. Við þessu má bregðast á ýmsa vegu: að hækka iðgjöld lífeyrissjóða, skerða lífeyrisréttindi, hækka eftirlaunaaldur eða blanda öllum leiðum saman á einhvern hátt.

Sem mótvægisáðgerð hefur verið lagt til að hækka eftirlaunaaldurinn en gera það á löngum tíma og tryggja hverri kynslóð eða árgangi eftirlaun í álíka langan tíma.

Í töflunni hér til hliðar er hugmyndin útfærð og þar má sjá að þeir, sem fæddir eru árið 1950, fara á eftirlaun 67 ára og tveimur mánuðum betur. Þeir sem eru hins vegar fæddir 1961 fara á eftirlaun 69 ára.

Fleiri breytingar hanga á þessari spýtu. Gert er ráð fyrir því að stuðlað verði að sveigjanlegri starfslokum fólks á vinnu- markaði og þar með að meiri sveigjanleika í eftirlauna- kerfinu þannig að sjóðfélagar geti samtímis verið að hluta á lífeyri og í hlutastarfi auk þess sem unnt væri að fara fyrr á eftirlaun, 65 ára eða yngri. Eftirlaun skerðast þá að sama skapi, mismikið eftir því hve snemma menn kjósa að hverfa af vinnumarkaði. ■

## Eftirlaunaaldur

Árgangur	Ár	Mánuðir
1961	69	
1960	68	10
1959	68	8
1958	68	6
1957	68	4
1956	68	2
1955	68	
1954	67	10
1953	67	8
1952	67	6
1951	67	4
1950	67	2

# Skiptir kennitalan máli?



„Ráðamenn í fyrirtækjum horfa almennt ekki meðvitað til aldurs umsækjenda um störf, heldur til menntunar, þekkingar og reynslu þeirra. Umsækjendurnir sjálfir virðast jafnvel oft uppteknari af eigin kennitölu og aldri en þeir sem ráða í störf,“ sagði Jakobína H. Árnadóttir, hópstjóri ráðninga hjá Capacent, á málþinginu um áskoranir vinnu- markaðarins vegna hækkandi lífaldurs.

Hún sagði nokkuð oft koma fyrir að fólk, sem komið væri undir og um sextugt, spyrði í ráðningarferli hjá Capacent hvort aldur þess skipti ekki máli. Raunin væri samt sú að fyrirtæki leituðu fyrst og fremst að starfsfólki með reynslu, menntun, þekkingu og viðhorf við hæfi starfsins.

Capacent er með um 16.000 manns í gagnagrunni sínum, þar af einungis 500-600 á aldrinum 60-69 ára en til samamburðar tæplega 3.000 á aldrinum 35-39 ára. Þessar tölur benda til þess að fáir í efri þrepum aldurstigans sækji um störf sem auglýst eru í gegnum Capacent og má velta fyrir sér hvernig á því stendur.

„Samkvæmt bestu aðferðum við mannaráðningar skiptir aldur ekki máli. Góð ráðning telst vera til fjögurra til sjö ára og ætti því ekki að vera hindrun fyrir eldra fólk á vinnu- markaði. Við rekum okkur samt á að til undantekningar heyrir að fyrirtæki hafi beinlínis sett sér stefnu eða markmið að þessu leyti, á sama hátt og þau hafa mörg hver sett sér áætlun um jafnrétti kynja.

Eitt dæmi má nefna um fyrirtæki sem hefur markað sér stefnu varðandi aldursdreifingu starfsmanna. Capacent vann að því að manna stórt iðnfyrirtæki og eigendur þess vildu að hópurinn endurspeglaði samfélagið með því að hafa þar starfsmenn á öllum aldri. Starfslokastefna var gerð sveigjanleg til sjötugs og ánægja ríkti með það. Eldri starfsmennirnir reyndust vel og þeirra var sárt saknað við starfslok. Tilvera þeirra á vinnustaðnum hafði mikil og góð áhrif á starfsmenningu fyrirtækisins.“ ■

## Okkar fólk á Hringbraut

Helgi Pétursson, dagskrárgerðarmaður á sjónvarpsstöðinni Hringbraut, sat málþingið um hækkandi lífaldur og tilheyrandi áskoranir vinnu- markaðarins. Hann fjallaði um dagskrárefnið í tveimur þáttum sínum, Okkar fólk, á Hringbraut.

**Við lifum lengur.** Viðmælendur: dr. Henning Kirk öldrunarlæknir frá Danmörku (viðtal á ensku, ótextað); Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ; Stefán Ólafsson prófessor; Þórunn Sveinbjarnardóttir, formaður BHM.

[www.hringbraut.is/sjonvarp/thaettir/okkar-folk/lifaldur-thattur-1/](http://www.hringbraut.is/sjonvarp/thaettir/okkar-folk/lifaldur-thattur-1/)

**Hækkun eftirlaunaaldurs.** Viðmælendur: Jakobína Hólmfríður Árnadóttir, framkvæmdastjóri Capacent; Elín Björg Jónsdóttir, formaður BSRB; Hannes G. Sigurðsson, aðstoðarframkvæmdastjóri SA; Þórey S. Þórðardóttir, framkvæmdastjóri Landssamtaka lífeyrissjóða; Karl Björnsson, framkvæmdastjóri Sambands íslenskra sveitarfélaga.

[www.hringbraut.is/sjonvarp/thaettir/okkar-folk/haekkun-eftilaunaaldurs/](http://www.hringbraut.is/sjonvarp/thaettir/okkar-folk/haekkun-eftilaunaaldurs/)

# Tónlist, minningaskrif og rautt vín getur verið lykill að langlífi



„Markmiðið er ekki að verða hundrað ára, heldur að lifa góðu og innihaldsríku lífi og stuðla sjálfur að sem mestum lífsgæðum á efri árum,“ segir dr. Henning Kirk, danskur læknir og sérfræðingur í öldrunarfræðum. Hann var í þriðja sinn í heimsókn á Íslandi seint í aprílmánuði og flutti fyrirlestur á málþinginu um áskoranir vinnumarkaðarins vegna hækkandi lífaldurs. Hann ræddi málin við Veffluguna í fundarhléi á Grandhótelu.

Henning er 69 ára, kominn á eftirlaun en mjög langt frá því að vera sestur í steininn helga. Í fyrirlestrinum hvatti hann eldri borgara til að vera virka á allan hátt, hreyfa sig en ekki síður að örva heilastarfsemina markvisst og meðvitað til að halda heilbrigðri sál í hraustum líkama sem allra lengst.

Sjálfur er hann heilbrigðið og hressleikinn uppmálaður. Hann hjólar, hleypur, spriklar í leikfimi, les krefjandi bækur, skrifar, ræðir við fólk, hlustar á tónlist og drekkur rauðvín með kvöldmatnum á hverjum degi. Allt er þetta hluti af leiðbeiningum hans um lengra og innihaldsríkara líf, ekki síst virk menningarstarfsemi.

„Íslendingar eldast vel og verða gamlir. Það held ég megi þakka því að þeir hafa löngum hreyft sig og reynt á sig líkamlega, borðað fisk og síðast en ekki síst verið hluti af blómlegu menningarsamfélagi bókmenna, tónlistar og lista.“

## Kynslóðabilið verði brúað í reynd

Danski öldrunarlæknirinn segir að svipuð viðhorf og forðómar ríki gagnvart eldri borgurum á vinnumarkaði alls staðar þar sem hann þekki til. Ísland sé þar tæplega nein undantekning. Í stað þess að líta á eldri fólk sem „byrði“ af einhverju tagi eigi að virkja það sem auðlind reynslu og þekkingar sem samfélagið hafi ríka þörf fyrir. Í Japan sé markvisst unnið að því færa þekkingu og reynslu milli kynslóða í atvinnulífinu með samspili yngri starfsmanna og þeirra eldri. Slíkt sé hollt fyrir atvinnureksturinn og gott fyrir fyrirtækin. Reynsla Japana sýni þetta og sanni.

Henning Kirk mælir eindregið með því að eldri fólk brjóti heilann um alla skapaða hluti og haldi þannig frumum í kollinum sínum við efnið. Hann nefnir sem nærtækt dæmi að fólk eigi að vera duglegt við að rifja upp atvik og upp-

Dans er hollur fyrir líkama og sál. Dans lengir lífið!  
Hér er fjörukt þorablótsball í Hlíð, heimili eldri borgara á Akureyri, í janúar 2016.



lifun fyrr á ævinni og skrifa hjá sér með penna á blað eða tölvu. Þetta gerir hann sjálfur og gaf út bók í fyrra um endurminningar sínar frá því hann var sjö ára strákur í Danmörku.

Núna vinnur hann hörðum höndum að bók um þýska konu sem fluttist til Danmerkur árið 1946, beint úr hildarleik síðari heimsstyrjaldarinnar í heimalandinu, giftist Dana og bjó í Danaveldi til æviloka.

### Sprengjuregnið í Hamborg rifjað upp

„Ég kynntist þessari konu og að því kom að hún trúði mér fyrir sögu sinni, sem hún hafði engum öðrum sagt, og heimilaði mér að skrifa til að gefa út á prenti. Hún ólst upp í Berlín en flutti til Hamborgar eftir að stríðið skall á og upplifði mikla skelfingu og hörmungar þegar bandamenn létu sprengjum rigna yfir borgina í loftárásum 1943. Sprengjuregnið kostaði 50 þúsund manns lífið og gerði 900 þúsund manns heimilislaua.

Þetta er verkefni sem hentar mér vel sem forvitnum og fróðleiksfúsum manni.

Ég fór til Berlínar og Hamborgar til að afla upplýsinga og ræða við fólk sem man þessa tíma. Þannig læt ég heilafurumunar hafa fyrir hlutunum og þannig á það líka að vera!

Fólk þarf samt alls ekki að skrifa heilu bækurnar til að styrkja heilastarfsemina. Það getur í staðinn lesið bækur sem reyna á hugann og gera kröfur. Það á sömuleiðis að setjast frekar yfir kaffibolla með þeim sem eru annarrar skoðunar og ræða málin við þá frekar en tala aftur og aftur við þá sem eru sama sinnis og kinka kolli athugasemda- og átakalaust yfir málflutningi þeirra!“

### Hjólum meira, ökum minna

Henning Kirk útilokar ekki að hann komi til Íslands árið 2047 til að flytja fyrirlestur um öldrun. Þá verður hann aldargamall, ef hann lifir svo lengi á annað borð. Hann bendir samt á að tölfærðilega aukist líkur á því ár frá ári að eitthvað gerist hjá sér sem setji strik í reikninginn, eðli máls samkvæmt. Hann geri hins vegar í því að lifa lífinu lifandi og innihaldsríku áfram, sem skipti langmestu máli.

Pabbi Hennings kom einu sinni til Íslands. Hann sigldi í hópi danskra kennaranema frá Kaupmannahöfn til Reykjavíkur með Gullfossi og var bullandi sjóveikur alla leiðina. Hann varð Íslandsvinur og sýndi íslenskum málefnum áhuga eftir það, ævina á enda.

Henning kom loftleiðis til Íslands í öll þrjú skiptin. Hann fór um Reykjavík núna á vordögum og hafði orð á að mjög margt hefði breyst frá því síðast, fyrir aldarfjórðungi. Borgin hefði stækkað ótrúlega mikið og honum þótti athyglisvert að sjá alls staðar gróðursæld og tré. Honum fannst lítil bæjarþrýði af sumum nýlegum byggingum en staldraði mest við Íslendinga sjálfa. Þeir höfðu greinilega gildnað umtalsvert um miðjuna frá því hann sá þá síðast á heimavelli.

„Þið sitjið greinilega of mikið í bílum, gangið ekki nægilega mikið eða hjólið of sjaldan. Eldri borgarar ættu að fá sér hjól og nota þau. Það er fín hreyfing.“

Þeim skilaboðum er hér með komið á framfæri. ■



# Skarpur heili, betra líf

## - góð ráð úr smiðju Hennings Kirk

- ▶ Verum í góðu líkamlegu formi. Það örvar heilastarfsemi og eykur vellíðan.
- ▶ Þjálfum og styrkjum hæfileika og færni sem við viljum halda vel við.
- ▶ Varðveitum barnslega forvitni gagnvart umhverfinu.
- ▶ Brjótumst úr viðjum vanans!
  - Hjólum og hlaupum ekki alltaf sömu leið heldur helst nýja og nýja í hvert sinn.
  - Kynnumst fleirum, helst þeim sem hafa aðrar skoðanir eða viðhorf eða hafa uppruna og menningarlegan bakgrunn ólíkan okkur.
- ▶ Hlustum líka á aðra tónlist en þá sem við höldum upp á. Spilum og syngjum, til dæmis í kór.
- ▶ Vinnum með tungumál: lesum, skrifum, ræðum saman. Lærum jafnvel ný tungumál, það reynir á heilafrumurnar!
- ▶ Leysum krossgátur og suduko, spilum bridds.
- ▶ Notum tölvuna á ýmsa vegu: skrifum tölvupóst, leitum upplýsinga með gúggli og förum í tölvuleiki.
- ▶ Spáum í sögu þjóðar og mannkyns, samhengi samtíðar og fortíðar, tengjum við eigin ævisögu og upplifun.
- ▶ Skrifum minningarbrot, rifjum upp það sem á daga okkar hefur drifið og punktum hjá okkur.
- ▶ Verum jákvæð, bjartsýn og glaðlynd.
- ▶ Borðum fjölbreyttan mat og munum eftir D-vítamíninu að vetrarlagi.
- ▶ Eitt til tvö glös af rauðvíni með kvöldmatnum er hið besta mál. Látum sterka drykki hins vegar eiga sig.



Pallborð á málþinginu 26. apríl. Frá vinstri: Þórður Snær Júlíusson stjórnandi, Gylfi Arnbjörnsson, Elín Björg Jónsdóttir, Þorsteinn Víglundsson, Þórunn Sveinbjörnsdóttir, Gunnar Björnsson, Þórður Hjaltested, Karl Björnsson.

## Stafir og Sameinaði ræða sameiningu

Stjórnir Sameinaða lífeyrissjóðsins og Stafa lífeyrissjóðs lýstu því yfir eftir páska að kannað yrði hvort raunhæft væri og gerlegt að sameina sjóðina.

Sameinaði lífeyrissjóðurinn er fimmti stærsti lífeyrissjóður landsins ef miðað er við hlutfall hreinna eigna lífeyrissjóða og Stafir lífeyrissjóður sá níundi stærsti. Saman yrðu þeir fjórði stærsti lífeyrissjóðurinn með um 10% hreinna eigna lífeyrissjóðanna, alls um 310 milljarða króna.

Sameinaði lífeyrissjóðurinn varð til í ársbyrjun 1992 með sameiningu Lífeyrissjóðs byggingarmanna og Lífeyrissjóðs málm- og skipasmiða. Síðar bættust við lífeyrissjóðir bóka-gerðarmanna, garðyrkjumanna, múrara, verkstjóra og fleiri.

Stafir lífeyrissjóður varð til við samruna Samvinnulífeyrissjóðsins og Lífeyrissjóðsins Lífiðnar í ársbyrjun 2007. Til Stafa greiða starfsmenn fyrirtækja sem áður tilheyrðu Sambandi íslenskra samvinnufélaga og félagsmenn í Rafiðnaðarsambandi Íslands og Matvæla- og veitingafélagi Íslands.

Forystumenn Stafa og Sameinaða stefna að því að fá niðurstöðu í könnunarviðræðurnar fyrir sumarleyfatímann þannig að fyrir liggja fljótlega hvort af formlegum sameiningarviðræðum verður eða ekki.

Hugmynd um sameiningu þessara lífeyrissjóða hefur verið hreyft áður, reyndar oft en einu sinni. Það er samt ekki fyrr en nú að stjórnir þeirra ákveða að kanna málið formlega. Frumkvæðið kom frá Sameinaða lífeyrissjóðnum.

„Í viðu samhengi málsins blasir við að fyrr en síðar verði ákveðin margföld lágmarksstærð lífeyrissjóða frá því sem nú er í lögum, 800 virkir sjóðfélagar. Í vinnu við að móta framtíðarsýnina er miðað við að lögfesta 10.000 virka sjóðfélaga sem lágmark. Hvorki Sameinaði lífeyrissjóðurinn né Stafir lífeyrissjóður myndu ná þessu lágmarki en saman

hefðu þeir um 18.000 virka sjóðfélaga,“ segir Þorbjörn Guðmundsson, formaður Sameinaða lífeyrissjóðsins, og bætir við:

„Uppstokkun lífeyriskerfisins er of hæg, sjóðirnir of margir og litlir og því finnst mér skynsamlegt að hafa frumkvæði að því að kanna málið fyrir okkar hönd frekar en bíða átektu eftir því sem verða vill.

Stafir og Sameinaði eru á svipuðum stað á vinnumarkaði. Nokkru fyrir efnahagshrunið ræddum við möguleika á samrekstri sjóðanna eða jafnvel sameiningu en viðræðum lauk ekki þá. Svo kom hrunið og undanfarin ár höfum við unnið okkur út úr því. Eðlilegt er að taka þráðinn upp að nýju og fá á hreint hvort vilji er fyrir því að láta á þetta reyna. Sumt ætti að vera auðvelt að sameina en annað yrði snúnara, fyrst og fremst það að Stafir eru með hreint aldurstengt réttindakerfi en Sameinaði lífeyrissjóðurinn með blandað kerfi, bæði aldurstengda og jafna ávinnslu réttinda.“

Jakob Tryggvason, nýkjörinn varaformaður stjórnar Stafa lífeyrissjóðs var stjórnarformaður þegar Stafir samþykktu könnunarviðræðurnar: „Eðlilegt var að Stafir svöruðu jákvætt erindi Sameinaða lífeyrissjóðsins um að kanna sameiningu, enda liðinn áratugur frá því málið var reifað síðast. Augljóst er að sameinaður sjóður yrði öflugari starfs- og rekstrareining en hvor sjóður fyrir sig nú. Á sínum tíma strandaði hins vegar á mismunandi tryggingafræðilegri stöðu sjóðanna og því að réttindaávinnslukerfi þeirra voru ólík. Réttindaávinnslan er enn mismunandi en sjálf-sagt er samt að fjalla um málið á nýjan leik. Við gefum okkur ekki langan tíma til að fá botn í þetta.“ ■



**Jakob Tryggvason,**  
varaformaður  
stjórnar Stafa.